

AÐALFUNDUR HRAUNBÚA

Í Hraunbyrgi 18. febrúar 2019 kl. 20:00



- a) Kosning fundarstjóra og fundarritara.
 - a. Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir setur fundinn og býður fundargesti velkomna.
 - b. Fyrir fundinum liggur tillaga um Örn Tryggva Johnsen sem fundarstjóra. Samþykkt samhljóða. Örn Tryggvi tekur við fundinum.
 - c. Fyrir fundinum liggur tillaga um Unu Guðlaugu Sveinsdóttur sem fundarritara. Samþykkt samhljóða.
 - d. Fundarstjóri tekur fram að löglega hafi verið boðið til fundarins.
- b) Skýrsla stjórnar.
 - a. Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir félagsforingi kynnir skýrslu stjórnar.
 - b. Störf stjórnar með hefðbundnum hætti.
 - c. Bryddað upp á nýjungum í starfi foringjaráðs.
 - d. Engir sjálfboðaliðar komu í ár en stefnt á það á næstunni.
 - e. Fjöldi viðburða á árinu.
 - f. Tveir Hraunbúar luku Gilwell-þjálfun.
 - g. Breytingar voru gerðar á fyrirkomulagi salarleigu.
- c) Skýrslur sveita, Ferðbúans ehf. og annarra eininga félagsins.
 - a. Thelma Líf Sigurðardóttir flytur skýrslu um starf fálkaskáta. Margt skemmtilegt gert, til dæmis útilegur, skátamót og unnið að færnimerkjum.
 - b. Sandra Björk Bragadóttir flytur skýrslu um starf dróttskáta. Öflugir skátar sem byrjuðu bæði haustönn og vorönn á útilegum.
 - c. Sindri Friðriksson segir frá starfi rekka- og róverskáta. Hópurinn hefur hist á sunnudagskvöldum og brallað ýmislegt skemmtilegt.

- d. Elfa Björg Aradóttir flytur skýrslu um starf Ferðbúans. Reksturinn hefur verið greindur vel undanfarin ár og teknar ákvarðanir um að breyta rekstrinum aðeins og taka aðeins á móti hópum á farfuglaheimilið. Síðasti gjalddaginn af skuldabréfinu fyrir húsið var greiddur á árinu og er skátaheimilið því skuldlaus eign.
 - e. Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir flytur skýrslu um starf drekaskáta.
 - f. Bjarni Freyr Þórðarson flytur skýrslu um störf Tölvuálfa.
 - g. Guðmundur Sigurðsson flytur skýrslu um störf skálanefndar. Sjö hópar komu til þeirra, flestir innan Hraunbúa svo skátarnir eru að nýta þetta vel. Önnur félög hafa jafnframt sýnt áhuga á því að koma í skála með engu rafmagni. Gjaldtakan hefur haldist óbreytt undanfarið. Það fer að koma tími á viðhald á svæðinu, til dæmis þarf að lagfæra túnið fyrir framan. Vonast er til að skálinn verði nýttur betur á þessu starfsári.
 - h. Una Guðlaug Sveinsdóttir segir frá störfum heiðursmerkjanefndar. Þau voru lítil á árinu en stefnt er á að formgera hlutverk nefndarinnar frekar.
- d) Umræður um framlagðar skýrslur.
- a. Una Guðlaug Sveinsdóttir mun bæta upplýsingum um skálanefnd inn í ársskýrsluna eftir fundinn.
 - b. Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir fer yfir fyrirkomulag og upphæð árgjalda. Stjórn leggur til að árgjald verði óbreytt frá síðasta ári, 32.000 fyrir fálkaskáta, 36.000 fyrir dróttskáta og 14.000 fyrir rekka- og róverskáta. Þetta er borið undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
- e) Lagðir fram yfirfarnir ársreikningar félagsins til umræðu og afgreiðslu.
- a. Kári Aðalsteinsson, gjaldkeri stjórnar, kynnir ársreikning félagsins.
 - b. Lægri launakostnaður vegna þess að rekstrarstjóri var í fæðingarorlofi stóran hluta árs.
 - c. Hækkun á kostnaði við skátastarf eykst og er það að mestu vegna vinnu við nýja heimasíðu félagsins.
 - d. Hækkun vegna Hverahlíðar skýrist af því að félagið á eftir að sækja um niðurfellingu fasteignagjalda til bæjarins.
 - e. Rekstrarafkoma eru 4.178.607.

- f. Í efnahagsreikningi er liðurinn „Aðrar skammtímakröfur“ að upphæð 1.490.000. Skýringin á því er annars vegar greiðsla vegna sumardagsins fyrsta frá bænum sem ekki kom fyrr en eftir áramót. Hins vegar skýrist um það bil milljón af þessari upphæð af því að frístundastyrkurinn virðist ekki hafa skilað sér til félagsins frá Hafnarfjarðarbæ. Þetta virðist vera að gerast hjá fleiri skátafélögum. Framundan er því vinna við að fara yfir það mál og greiða úr því ásamt BÍS og Greiðslumiðlun.
 - g. Liðurinn „Skuld við skáta“ er í raun inneign sem skátar eiga enn hjá félaginu eftir fjáröflunum. Fyrirhugað er að greiða úr því á næstunni.
 - h. Guðmundur Sigurðsson spyr út í samninginn við Hafnarfjarðarbæ, talan hafi lækkað á milli ára. Er eitthvað sem við getum gert til að hækka þetta? Kári svarar að verið sé að vinna að nýjum samstarfssamningi við Hafnarfjarðarbæ. Bærinn hefur verið að endurnýja samninga við öll æskulýðsfélögin og við erum síðust í röðinni. Stefnan er að samræma alla samningana en ekki er víst hvernig upphæðirnar verða. Guðmundur bendir í kjölfarið á samning BSH við Hafnarfjarðarbæ sem er mjög góður og gott væri að hafa hann til hliðsjónar.
 - i. Elfa Björg bendir þó á að styrkurinn frá Hafnarfjarðarbæ sé mjög veglegur ef tekið er mið af starfandi skátum.
 - j. Ársreikningur borinn undir fundinn. Samþykktur með þorra atkvæða.
- f) Lagabreytingar.
- a. Engar lagabreytingar liggja fyrir.
- g) Kynning frambjóðenda.
- a. Bjarni Freyr Þórðarson býður sig fram sem félagsforingi til tveggja ára.
 - b. Andri Már Reynisson býður sig fram sem aðstoðarfélagsforingi til eins árs.
 - c. Harpa Kolbeinsdóttir býður sig fram sem ritari til tveggja ára.
 - d. Eypór Orri Óskarsson býður sig fram sem meðstjórnandi til tveggja ára.
 - e. Birna Sigurðardóttir býður sig fram sem meðstjórnandi til eins árs.
 - f. Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir býður sig fram sem 1. varamaður til eins árs.
 - g. Guðmundur Sigurðsson býður sig fram sem 2. varamaður til eins árs.
- h) Kosning stjórnar.

- a. Allir sjálfkjörnir.
- i) Kosning tveggja varamanna stjórnar
 - a. Bæði sjálfkjörin.
- j) Kosning tveggja skoðanamanna reikninga.
 - a. Elfa Björg Aradóttir og Örn Tryggvi Johnsen sjálfkjörin.
- k) Kosning þriggja manna í laganefnd.
 - a. Heiður Ýr Guðjónsdóttir, Jón Þór Gunnarsson og Ingólfur Már Grímsson sjálfkjörin.
- l) Kosning þriggja manna í uppstillingarnefnd.
 - a. Harpa Hrönn Grétarsdóttir, Guðni Gíslason og Þórður Ingi Bjarnason sjálfkjörin.
- m) Kosning skálanefndar.
 - a. Guðmundur Sigurðsson og Sigurjón M. Kjartansson sjálfkjörnir.
- n) Önnur mál.
 - a. Una Guðlaug Sveinsdóttir kynsir verðlaun fyrir þá sveit sem var fyrst að skila skýrslu fyrir ársskýrslu. Drekkaskátaforingjar voru fyrstir og fá súkkulaði að gjöf.
 - b. Bjarni Freyr Þórðarson kynsir og sýnir nýja heimasíðu félagsins. Allur fróðleikurinn sem var á gömlu síðunni er ennþá til staðar þó það finnst ekki allt í valmyndum. Hægt er að leita. Einnig er komið nýtt kerfi fyrir búnaðarleigu, rafrænt bókunarkerfi fyrir allan búnað sem við leigjum út. Ábending úr sal frá Sindra Friðrikssyni um að auglýsa þetta á Skátar á Íslandi. Guðmundur Sigurðsson spyr hvort hægt sé að tengja þetta við leigu á Hverahlíð líka. Ætlast er til þess að foringjar noti þessa síðu líka ef þeir vilja fá ákveðinn búnað eins og kanóa eða tjöld.
 - c. Guðmundur Sigurðsson bendir á að ennþá sé mynd af Ólafi Ragnari Grímssyni fyrrv. Forseta frammi í Hraunbyrgi. Bjarni Freyr svarar. Verið er að vinna í að fá nýja mynd.
 - d. Berglind Lilja Björnsdóttir sem situr fundinn sem fulltrúi stjórnar BÍS tekur til máls. Þakkar fyrir komuna og hrósar starfinu.
 - e. Heiðursmerkjanefnd afhendir heiðursmerki:

- i. Berglind Mjöll Jónsdóttir fær bronsmerki Hraunbúa.
- ii. Guðmundur Sigurðsson fær silfurmerki Hraunbúa.
- iii. Guðrún Stefánsdóttir fær gullmerki Hraunbúa.
- iv. Una Guðlaug Sveinsdóttir fær gullmerki Hraunbúa.
- v. Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir fær emilerað merki Hraunbúa
- vi. Örn Tryggvi þakkar fyrir sig og býður Bjarna Frey, nýkjörnum félagsforingja, að taka við fundinum.
- vii. Bjarni Freyr þakkar öllum fyrir komuna, þakkar gömlu stjórninni fyrir samstarfið og hlakkar til að vinna með nýrri stjórn.

FUNDI SLITIÐ KL. 21:15

Una Guðlaug Sveinsdóttir.

Ritar fh. stjórnar